

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla • 9. árgangur • 1. tölublað • mars 2013

Ábm.: Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



Akurskóli

3. bekkur fær viðurkenningu frá MS

Mánudaginn 11. febrúar fengu allir nemendur í 3. bekk verðlaun frá Mjólkursamsölnunni. Nemendur í 3. bekk fóru í heimsókn í Mjólkursamsöluna fyrr í mánuðinum og tóku þar þátt í getraun. Þeir stóðu sig mjög vel og allir nemendur fengu kælitosku, kókómjólk og buff um hárið. Til hamingju krakkar, þið stóðuð ykkur vel!



Bekkjarkeppni í upplestri í 7. bekk Stóra-upplestrarkeppnin

Föstudaginn 22. febrúar fór fram bekkjarkeppni í 7. bekk í upplestri. Allt þetta skólaár hafa nemendur verið að æfa sig í fallegum upplestri og voru 6 nemendur valdir til að lesa á sal skólans.

Þeir sem lásu á sal voru:

Alexandra Ósk Guðmundsdóttir

Birta Rós Hreiðarsdóttir

Daniel Alexandersson

Gunnhildur Björg Baldursdóttir

Jón Páll Magnússon

Karen Mist Arneirsdóttir

Af þeim voru Jón Páll Magnússon og Karen Mist Arneirsdóttir valin sem fulltrúar Akurskóla í Stóru-upplestrarkeppninni sem fór fram í Duus húsum fimmtudaginn 7. mars. Þar stóðu þau sig bæði frábærlega vel og 3.sætið hreppi Jón Páll.





Ný heimasíða Akurskóla

Föstudaginn 1. febrúar var opnuð nýja heimasíðu Akurskóla. Tekið var í notkun nýtt kerfi CMS4 frá Dacoda og vonir eru um að foreldrar eigi eftir að nýta sér heimasíðuna mikið. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið, myndir og fréttir úr skólastarfinu og áhugavert efni.

112 dagurinn!

Þann 11. febrúar eða 11.2 var 112 dagurinn og af því tilefni var athöfn á sal Akurskóla.

Tveir drengir í 3. bekk fengu viðurkenningu frá Brunavörnum Suðurnesja fyrir rétt leysta eldvarnagetraun. Það voru þeir Magnús Óli Friðriksson og Róbert William Georgsson sem fengu vegleg verðlaun m.a. Ipod Shuffle. Róbert William var því miður ekki á staðnum en vinkona hans Regína Krista Eyjólfsdóttir tók við verðlaununum fyrir hans hönd.

Þá fékk Aníka Mjöll Júlíusdóttir viðurkenningu fyrir björgun barns úr sundlaug í febrúar 2012. Hún var á sundæfingu þegar lítil stúlka féll í laugina og sýndi Aníka Mjöll mikið snarræði þegar hún náði barninu upp úr lauginni. Það var Guðbjörg Sigurðardóttir formaður Rauða krossins á Suðurnesjum sem veitti Aníku Mjöll viðurkenninguna frá Rauða krossi Íslands.

Í tilefni dagsins mættu fréttamenn frá Stöð 2, Íslandi í dag, í skólann og tóku upp myndir frá athöfninni. Tekin voru viðtöl við móður stúlkunnar sem Aníka bjargaði og að sjálfsögðu við Aníku sjálfa.



Skólahreysti

Nemendur Akurskóla fjölmenntu á skólahreystikeppni sem haldin var í íþróttahúsinu í Smáranum í Kópavogi fimmtudaginn 14. mars. Keppendur í ár voru þau: Laufey Soffía Pétursdóttir-hraðþraut ,



Berglind Björgvinsdóttir-armbeygjur og hreystigreip, Gréta Kristín Sveinbjörnsdóttir-varamaður Bjarni Anes Eiðsson-hraðþraut, Bjarki Snær Smáráson-upphífingar og dýfur, Kristinn Viðar Þorbergsson-varamaður.

Akurskóli hafnaði í 5. sæti og bætti árangur sinn til muna frá síðari árum og náði því markmiði sem það hafði sett sér fyrir keppnina. Áhorfendur sem prýddu áhorfendabekki í gulum lit stóðu sig ótrúlega vel í skapa stemmningu í salnum og hvetja skólann sinn áfram.

Viðurkenningar í Víkingaheimum

Þann 19. desember sl. veittu fræðslustjóri og bæjarstjóri nemendum í 4., 7. og 10. bekk viðurkenningar fyrir góðan námsárangur í samræmdum könnunarprófum. Tíu nemendur úr Akurskóla fengu viðurkenningu.



Útvarp Akurskóla- Radio97

Nemendur í 10. bekk Akurskóla undirbjuggu útvarpsútsendingar í byrjun febrúar. Nemendur eru í fjáröflun fyrir vor- og útskriftarferðalagið og voru með útsendingar dagana 11. - 15. febrúar. Fjölbreytt dagskrá var í boði og skiptust nemendurnir á að vera með þætti og annað skemmtiefni.



Þorrapæma



1. bekkingar og skólahópar frá leikskólunum Akri og Holti héldu bóndadaginn hátíðlegan í lok þorrapæmadaga. Börnin hittust á Akri og nutu afraksturs þemadaganna þ.e. rúgbrauðs og sviðasultu sem þau höfðu gert á þorramatarstöðinni. Eins fengu þau að bragða á hangikjöti, harðfiski og hákarli og auðvitað sungu þau líka Þorrapæla.



Heimsókn í Mjólkursamsölu Reykjavíkur

Mánudaginn 28. janúar var nemendum 3. bekkjar boðið í heimsókn í Mjólkursamsölu til að fræðast um hvaðan mjólkin kemur, feril hennar í gegnum verksmiðjuna og upplýsingar um það sem hægt er að búa til úr þessari frábæru afurð sem við erum að nota meira og minna alla daga. Vel var tekið á móti nemendum. Hóparnir fengu hver sinn leiðsögumann til að fylgja sér um samsölu, fóru inn í stærsta frysti landsins og svo varð þessi líka skemmtilegi töframaður á vegi þeirra.

Nemendurnir fengu líka innsýn í gamla tímann, þegar mjólkin var sett á brúsa og hún sótt á brúsapalla sveitabæjanna. Gömlu áhöldin sem voru notuð til að vinna mjólkina á þeim tíma voru einnig kynnt fyrir nemendum. Í lok heimsóknarinnar var öllum boðið upp á mjólkurglas, kleinur, smákökur og íspinna. Það var ekki annað að sjá og heyra en nemendur hafi verið ánægðir með heimsóknina og voru skólanum sínum til sóma.



Rithöfundar í heimsókn

Tveir rithöfundar kíktu í heimsókn til okkar. Þorgrímur Þráinsson rithöfundur kom 7. febrúar og hélt fyrirlestur fyrir nemendur í 10. bekk, sem bar yfirskriftina „Eltu drauminn þinn“. Þorgrímur ræddi við krakkana m.a. um mikilvægi þess að setja sér markmið, hafa trú á sjálfum sér til að ná markmiðunum og að skipuleggja sig í samræmi við sína markmiðasetningu. Við erum Þorgrími afar þakklát fyrir heimsóknina og teljum að hann hafi náð mjög vel til allra. Rithöfundurinn Einar Kárason kom í heimsókn að morgni 25. janúar og las úr bókum sínum fyrir nemendur úr 8. - 9. bekk. Mjög gaman var að hlusta á Einar en hann náði einstaklega vel til krakkanna sem hlustuðu af mikilli athygli.



Heimsókn í frystihús

Föstudaginn 8. febrúar fóru nemendur úr 2. bekk í heimsókn í frystihús í Sandgerði. Sú heimsókn var í tengslum við verkefni í samfélags- og náttúrufræði um hafið. Sumir gerðust svo hugrakkir að þora að snerta fisk og aðrir jafnvel að halda á fiski. Nemendur fengu að sjá ýsu, karfa, skarkola og sandkola. Sumum fannst vélarnar spennandi meðan aðrir fylgdust með snyrtingu og flökun á fiski. Ferðin var í alla staði vel heppnuð og nemendur sáu ýmislegt sem þeir höfðu aldrei séð áður. Nokkrir nemendur gáfu út þá yfirlýsingu að þeir ætluðu að vinna í frystihúsi þegar þeir yrðu eldri. Hver veit?



Öskudagurinn

Að vanda var öskudagurinn haldinn hátíðlegur í Akurskóla. Nemendur byrjuðu daginn hjá umsjónarkennara og síðan var marserað í íþróttahúsið og þar haldið áfram með íþróttafjör. Kötturinn var sleginn úr tunnunni, þreyttar ýmsar þrautir og vinnustöðvar voru í gangi, t.d öskupokagerð, grímugerð, spilastöð, kubbastöð og andlitsmálun. Dagurinn heppnaðist mjög vel og fóru nemendur ánægðir heim úr skólanum.



7. bekkur fór að Reykjum í Hrútafirði

Dagana 11. - 15. febrúar fóru 28 krakkar úr Akurskóla að Reykjum í Hrútafirði. Þetta var mjög skemmtileg og viðburðarrík vika þar sem nemendur sóttu fjölbreyttar kennslustundur sem þóttu ólíkar því sem þau eiga að venjast. Mikið var um útikennslu og nemendur voru mjög heppnir með veður, heiðskýrt og bjart alla daga og stjörnubjart um kvöldin. Deginum var eytt í margskonar ferðir og sáu nemendur í fjöruferð bæði seli og hvali sem vöktu lukku. Á kvöldin voru haldnar kvöldvökur og nemendur tóku þátt. Einnig var farið í kvöldferðir og farið í leiki í myrkrinu með vasaljós.

Síðasta daginn var borðtennismót þar sem drengir úr Akurskóla vermdu fyrstu þrjú sætin og um kvöldið var svo hin margrómaða hárgreiðslukeppni þar sem stelpur úr skólanum greiddu og máluðu bæði andlit og neglur drengjanna. Í heildina var ferðin í alla staði frábær, vel tekið á móti okkur og mikil upplifun að fara í burtu frá foreldrum dögum saman.




Hvað ef? - skemmtifræðsla

Mánudaginn 14. janúar fóru 8. og 9. bekkur að sjá leikritið *Hvað ef?* sem er í leikstjórn Gunnars Sigurðssonar. Leikritið er skemmtifræðsla sem notast við leik, söng, ljóð og tónlist til fræðslu. Í verkinu er á mjög nýstárlegan og skemmtilegan hátt farið yfir kaldar staðreyndir varðandi neyslu vímuefna, einelti, sjálfsmorð og afleiðingarnar. Markmiðið er að sýna unglungum fram á að þeir hafi val og að sakleysislegar stundaráhrifsákvæðanir geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það að reykja eina hasspípu eða vera í félagsskap þar sem lögð er stund á fíkniefnaneyslu getur hrundið af stað dapurlegri atburðarás. Það að segja „já“ við E-pillu getur verið fyrsta skrefið á langri og miður fallegri lífsreynslu. Leikarar í leikritinu eru: Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Kári Viðarsson og Sara Margrét Nordahl. Að leiksýningunni lokinni fengu nemendur tækifæri á að ræða við leikaranna um leikritið.

Akurskólaliðið keppti til úrslita í *Gettu enn betur*

Lið Akurskóla keppti í spurningakeppni grunnskólanna; *Gettu enn betur*. Akurskóli náði góðum árangri annað árið í röð en liðið keppti til úrslita eftir að hafa slegið lið Holtaskóla og Njarðvíkurskóla úr keppni.

Liðið skipuðu: Alexander Hauksson, Una María Magnúsdóttir og Sóley Ösp Sverrisdóttir. Lokaviðureignin var mjög spennandi og lauk með sigri Myllubakkaskóla. Til hamingju með góðan árangur!



Myndir úr skólanum



Frá stjórn FFA

Starf FFA hefur gengið vel í vetur. Foreldrar hafa lagt sitt af mörkum með því að greiða félagsgjöldin sem gerir það kleift að hægt sé að styðja við nemendur skólans með ýmsum hætti. Við minnum þá á sem eiga eftir að greiða félagsgjöldin, 1500kr, að gera það sem fyrst svo FFA geti haldið áfram með sitt góða starf.

Í vetur hafa flestir bekkjafulltrúar staðið fyrir bekkjarkvöldum og öðrum uppákomum og foreldrar mætt með börnum sínum eins og vera ber. Foreldrafélagið hvetur alla bekkjarfulltrúa til þess að vera virkir, því það er svo miklu skemmtilegra þegar eitthvað er í gangi hjá bekkjunum. Einnig eru þetta tilvaldar stundir fyrir foreldra að hittast og ræða málin. Foreldrafélagið vill þakka foreldrum fyrir þeirra framlag í vetur.

Vissir þú að Foreldrafélagið (FFA):

- Samanstendur af öllum foreldrum/forráðamönnum nemenda í Akurskóla
- Á fulltrúa í skólaráði
- Styrkir 10. bekk v. útskriftarferðar.
- Styrkir 7. bekk v. Reykjaferðar
- Heldur jólabingó
- Heldur páskabingó
- Styrkir nemendur til að komast á Skólahreysti með því að greiða hluta í rútukostnaði
- Sér um sölu Akurskólapeysunnar
- Kaupa blóm v. útskriftarkvöldverðar 10. bekkjar
- Stendur fyrir námskeiðinu *Ég og þú, þú og ég*
- Greiðir fyrir heimsókn rithöfundar í 1. bekk
- Kaupir brúðsýningu frá samtökunum *Blátt áfram* fyrir 2. bekk
- Styrkti nemendur 8. og 9. bekkjar til að sjá sýninguna *Hvað ef?* sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu en FFA greiddi fyrir rútuna svo að nemendur kæmust til Reykjavíkur.
- Keypti boli til afnota fyrir stuðningslið skólans t.d. v. Skólahreystis
- Fékk Hafþór Birgisson til að halda fyrirlestur fyrir alla foreldra þar sem hann ræddi um tölvunotkun barna og unglunga
- Fékk Loga Geirsson til að halda fyrirlestur fyrir alla nemendur og foreldra Akurskóla þar sem hann ræddi m.a. um sjálfsmynd, markmið og matarræði.



- Keypti samlokugrill fyrir nemendur sem er staðsett í matsal skólans
- Styrkti skólann v. kaupa á skjávörpum sem nýtist nemendum og starfsfólki skólans
- Mun fá Siggú Dögg kynfræðing til að ræða við nemendur og foreldra á unglingastigi

Fyrir öllu þessu hafa frábærir foreldrar í Akurskóla staðið fyrir frá því í haust og enn á eftir að bætast við. Því fleiri virkir foreldrar þeim mun öflugara foreldrafélag. Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað og þegar margir vinna saman er gaman!)

**Kveðja,
Stjórn FFA**



Stjórn foreldrafélagsins

Jóna Guðrún Jónsdóttir	Formaður
Hrefna Viðarsdóttir	Varaformaður
Halldóra Hreinsdóttir	Gjaldkeri
Agnes Ásgeirsdóttir	Ritari
Þóra Guðrún Einarsdóttir	Meðstjórnandi
Katrín Jóna Ólafsdóttir	Meðstjórnandi
Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir	Meðstjórnandi
Þórhallur Ingason	Varamaður
Örn Ævar Hjartarson	Varamaður